

3.987.00 (kr. 3.687.00 + 300.00). Verða stefndu dæmdir til in solidum að greiða honum þá fjárhæð auk vaxta, eins og krafizt er, en stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hefur vátryggt bifreið stefnanda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinbjörn Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Hannesi Ingibergssyni, kr. 3.987.00 með 7% ársvöxtum frá 27. apríl 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 7/1965. **Schumann Didriksen** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
 gegn
Tómasi Jóhannessyni
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Vinnusamningur. Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1965 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7.836.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. október 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Schumann Didrik-sen, Kirkjustræti 2 í Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunar-dómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, birtri 4. apríl 1962, gegn Tómasi Jóhannessyni skipstjóra, Kaplaskjólsvogi 37 í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.469.02 með 8% ársvöxtum frá 1. september 1961 til greiðsludags svo og máls-kostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi krafizt sjóveðréttar í m/b Kristbjörgu, RE 61, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og máls-kostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi var skipverji á vélbátnum Kristbjörgu, RE 61, eign stefnda, á tímabilinu frá 2. júlí til 23. ágúst 1961. Telur stefnandi sig hafa verið stýrimann á bátnum og beri sér því 1½ aflahlutur. Samkvæmt uppgjöri telur hann sig eiga ógreitt hjá stefnda kr. 9.469.02. Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi verið stýrimaður, heldur hafi hann verið háseti. Eigi hann því enga fjárhæð inni ógreidda.

Til rökstuðnings kröfu sinni hefur stefnandi lagt fram vott-orð þriggja skipsfélaga sinna, en í vottorðum þessum lýsa þar-greindir menn yfir, að stefnandi hafi verið stýrimaður á bát-num á þeim tíma, sem þeir voru saman. Menn þessir hafa eigi komið fyrir dóm í málinu. Þá hefur stefnandi lagt fram afrit af dagbók, er hann hélt á þeim tíma, er hér um ræðir, en sam-kvæmt henni er skráð ýmislegt, er bátinn varðar, og stefnandi telur vera vegna stöðu sinnar sem stýrimanns.

Í málinu liggur fyrir vottorð tollstjórans í Reykjavík, dags.

16. maí 1962, en þar segir, að samkvæmt skipshafnarskrá m/b Kristbjargar fyrir árið 1961 sé nafn stefnanda skráð sem háseti á tímabilinu 1. júlí til 30. september 1961. Hins vegar hafi hann sjálfur ekki staðfest skráninguna með undirskrift sinni. Í vottorði sama embættis, dags. 26. apríl 1963, segir, að samkvæmt skipshafnarskrá bátsins hafi á tímabilinu frá 1. júlí til 30. september 1961 einungis verið lögskráður stýrimaður Þorsteinn Bjarnason tímabilið 8. júlí til 3. ágúst 1961. Og í þriðja vottorði sama embættis, dags. 27. marz 1963, segir m. a., að á umræddu tímabili hafi stefnandi verið slysafryggður sem háseti á bátnum.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnandi gegn mótmælum stefnda eigi hafa fært að því sönnur, að hann hafi verið ráðinn stýrimaður á bátinn á umræddu tímabili. Samkvæmt því verður krafa hans um 1½ aflahlut eigi tekin til greina. Í uppgjöri því, sem stefnandi hefur lagt fram til stuðnings kröfu sinni, kemur fram, að hann hefur fengið greiddar kr. 17.060.00 í laun á umræddu tímabili. Miðað við aflamagn bátsins á tímabilinu er það nokkru hærri fjárhæð en stefnanda bar miðað við aflahlut háseta. Stefnandi á rétt til orlofs af launum sínum, 6 af hundraði, svo og greiðslu fyrir vinnu við að útbúa bátinn til veiða tvo daga, sem eigi er mótmælt. Þrátt fyrir það verður ekki séð, að stefnandi eigi vangreidd laun hjá stefnda. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóni Björnssyni skipstjóra og Einari Thoroddsen yfirhafnsögumanni.

Dómsorð:

Stefndi, Tómas Jóhannesson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Schumanns Didriksen, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
